

Mál nr. 232/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut þ. 2.10.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.7.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 25. júlí 2014.
3. Bréf V-2 dags. 21. júlí 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á Reykjanesbraut í norður frá Stekkjarbrú þegar A beygði inn á Reykjanesbraut og B lenti aftan á A. Ökumaður A segist hafa ekið aðreinina að Reykjanesbraut til norðurs og ætlað að skipta um akrein yfir á hægri akrein og athugað speglana og séð B en talið sér óhætt að beygja en þegar A hafi verið komin inn á hægri akreinina hafi B verið ekið aftan á A. Ökumaður A segist hafa ekið Reykjanesbraut til norðurs á hægri akrein og síðan hafi A verið beygt af aðreininni inn á sömu akrein og hann hafi ekið eftir og segist ökumaður A hafa reynt að bremsa og beygja til vinstri en það ekki dugað til og árekstur orðið.

Álit.

Ökumaður A ók af aðrein inn á hægri akrein Reykjanesbrautar án þess að gæta nægjanlegrar varúðar og í veg fyrir B. Með því braut ökumaður A gegn ákvæði 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 9.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.